

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Eyjahrepps og Miklaholtshrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 22. apríl 1994 staðfest sameiningu Eyjahrepps og Miklaholtshrepps í eitt sveitarfélag. Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 11. júní 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga og áður veitt leyfi félagsmálaráðuneytisins.

Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 26. júní 1994.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í maímánuði 1994.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í maímánuði 1994 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið..... Útborgun 8,2%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í maímánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.